



Viðtakandi: Íbúaráð Breiðholts  
Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 24. október 2024

MSS24090062

## UMSÖGN

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 2. október 2024 var lögð fram svohljóðandi ályktunartillaga íbúaráðsfulltrúa Sjálfstæðisfloksins um lagningu gervigrass á knattspyrnurvöll ÍR:

*Lagt er til að íbúaráð Breiðholts óski eftir því við borgarráð að ráðist verði í lagningu gervigrasvallar á svæði Íþróttafélags Reykjavíkur við Skógarsel í tengslum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025. Séð verði til þess að völlurinn standist kröfur Knattspyrnusambands Íslands um keppnisvelli svo tryggt verði að ÍR geti leikið heimaleiki sína á eigin félagssvæði.*

Ályktunartillöggunni var vísað til umsagnar menningar- og íþróttasviðs.

### Umsögn:

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs 8. desember 2023 var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisfloksins um gervigrasvöll hjá ÍR við Skógarsel.

Tillöggunni var vísað frá með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar gegn 2 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisfloksins. Fulltrúi Vinstri grænna sat hjá.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ítarleg vinna við forgangsröðun íþróttamannvirkja fór fram á seinasta kjörtímabili og lauk árið 2020. Niðurstaðan var sameiginleg niðurstaða ÍBR og Reykjavíkurborgar og unnið hefur verið eftir henni. Eðlilegt er að rýna þá forgangsröðun reglulega og er eðlilegt að þessi hugmynd og aðrar óskir íþróttafélaga verði teknar fyrir í næstu endurskoðun. Ekki þykir hins vegar rétt að taka einstaka óskir fram fyrir röðina áður en sú vinna fer af stað og er tillöggunni því vísað frá.

Menningar- og íþróttasvið leggur til að ályktunartillöggunni verði vísað frá á sömu forsendum og 8. desember 2023.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri  
menningar- og íþróttasviðs